

MENNINGARSTEFNA 2011-2014

Akureyrarbær

Menningararfur (söfn og saga)

Nefndarmenn: Aðalbjörg Sigmarsdóttir, Arndís Bergsdóttir og Haraldur Þór Egilsson.
Jón Hjaltason var fulltrúi Akureyrarstofu.

I

SÖFNIN

STAÐAN

Akureyri er safnabær. Hér eru hús þriggja þjóðskálda, einstakt fyrirbrigði í íslenskri safnaflóru, Íslandssöfn (Flugsafnið og Mótorhjólasafnið), söfn er einblína á eyfirska sögu (Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Minjasafnið á Akureyri), staðbundin minjasöfn (í húsi Öldu Halldórsdóttur í Hrísey er að finna einskona byggðasafn Hríseyjar, Iðnaðarsafnið á Akureyri) og sögurík minjamerki (hús í eigu Akureyrarbæjar, Friðbjarnarhús, Gudmandsmínde og Laxdalshús). Þá má heldur ekki gleyma húsi Hákarla-Jörundar í Hrísey en í því má finna sýningu um Jörund og hákarlaveiðar á öldum áður.

KEPPIKEFLI?

Nefndarmönnum kom saman um að staðan er góð í safnamálum en á það endilega að vera keppikefli að Akureyrarbær eigi framangreind minjamerki/hús? Er til dæmis sjálfsagt að elsta hús bæjarins sé jafnframt í eigu bæjarins?

Jú, það er rétt var skoðun nefndarmanna. Þetta er elsta hús bæjarins sem ljær því einstakt gildi. Þá birtist í því sú saga sem tengist byggð á Akureyri og ástæðunni fyrir því að hér er bær. Á þessari eyri, sem bærinn er jú kenndur við, skaut verslun og þjónusta fyrst rótum og þróaðist út í búsetu og síðar þorp. Í Laxdalshúsi eru einmitt ljósmyndir frá þorpstímanum. Ýmis starfsemi hefur verið tengt húsinu frá upphafi en fyrir nútíðina þarf að tryggja að það sé aðgengilegt, ef ekki með veitingahúsi, sem fer ágætlega í húsinu, þá með öðrum hætti t.d. með því að nota húsið sem skólastofu, nokkurskonar tilraunastofu í grenndarfræði fyrir komandi kynslóðir.

MIÐSTÝRING

Söfnin og minjamerkin eru mörg. Er rétt að setja þeim eina yfirstjórn? Nei, var svarið. Hvers vegna?

Í fyrsta lagi er það ekki hægt, einfaldlega vegna þess að þau standa á svo ólíkum grunni, bæði er eignarhald þeirra með ýmsu móti og lagalega standa þau á ólíkum fótum. Þetta ætti því að deyða alla frekari umræðu um miðstýringu.

Niðurstaða (röksemd): Miðstýring er líkleg til að drepa vaxtarsprotann í safnamálum eða í það minnsta gæti hún gert honum erfitt um vik að skjóta rótum og dafna. Litlu „skrítnu söfnin“ myndu gjalda fyrir. Tekið var dæmi af reðursafninu á Húsavík (þar sem það er enn þegar þetta er skrifað). Miðstýrt safnavald hefði ef til vill gert því erfitt um vik.

Það skal þó áréttað að nefndin leggst ekki gegn allri sameiningu safna sem ófrávíkjanlegri reglu. Samlegðaráhrif geta verið fyrir hendi og fjárhagslegur ávinningur en ekki síst faglegur af því að sameina eða stuðla að samvinnu safna. Meta þarf hvert tilvik fyrir sig af gaumgæfni.

FLEIRI SÖFN

En hvað þá um að stofna fleiri söfn? Við viljum jú kallast safnabær.

Við viljum girðingar, var samdóma álit nefndarmanna. Ekki er sjálfsagt að hver og einn geti komið, stofnað safn í bæjarfélaginu og ætlast til styrks úr sameiginlegum sjóði bæjarbúa. Þó má sú girðing ekki vera þannig að hún beinlínis komi í veg fyrir fæðingu lítilla „skrítnna safna“ og hreinlega girði af safnaflóru bæjarins eins og hún er núna. Verði sem múrveggur um óbreytt ástand. En samt verður girðingin að veita skjól. Það er til dæmis eðlilegra að bæjarsjóður veiti fé til Iðnaðarsafnsins en safns um fótkennti vegna þess einfaldlega að hið fyrrnefnda heldur til haga menningararfi Akureyringa.

En hvað er þá til ráða?

(a) Setjum á fót ráð er veitir umsögn um fyrirhugað safn. Verðum að gera kröfu um fagmennsku; að farið sé að Safnalögum sem Alþingi hefur nýlega sent frá sér.

(b) Sýning frekar en safn. Í Friðbjarnarhúsi er leikfangasýningin, Leikföng frá liðinni öld, í eigu Guðbjargar Ringsted. Í Hrísey er sýning um hákarlaveiðar. Þessi dæmi sýna útleiðina fyrir hinn smáa safn-áhugamann og raunar fyrir Akureyrarbæ einnig ef honum bjóðast „lítill skrítn söfn.“ Óþarfi er að fara í stóra batteríið. Stuðningur getur

einfaldlega falist í því að ljá húsnæði fyrir sýningu sem í fyllingu tímans breytist í varanlegt safn eða deyr drottni sínum, allt eftir eignum og ástæðum.

ÍSLANDSSÖFN

Hvað þá um söfn er teygja arma sína langt út fyrir byggðasögusafnið – svokölluð Íslandssöfn? Flugsafn Íslands á Akureyrarflugvelli og Mótorhjólasafn Íslands á Krókeyri eru dæmi þar um en þau hafa landið allt undir en takmarka sig ekki við héraðið.

Þá eru Skáldahúsin þrjú tileinkuð þjóðskáldum sem eiga skírskotun út fyrir bæjarlandið og jafnvel út fyrir landsteinana.

Það er gríðarlegur akkur að slíkum söfnum fyrir bæinn, er samdóma álit nefndarmanna. En það verður jafnframt að leggja áherslu á skyldur ríkisins við þau. Þaðan á að koma mest fjármagn til þeirra en ekki er óeðlilegt að bærinn leggi framlag á móti. Um þetta þarf að móta ákveðnar reglur í samvinnu við söfnin, ríki og bæ. Að þessu skilyrði uppfylltu ættu yfirvöld á Akureyri beinlínis að leggja sig eftir að laða fleiri slík söfn í bæinn.

NÁTTÚRUGRIPASAFN

Nefndarmenn harma örlög Náttúrugripasafnsins á Akureyri sem um árabil hefur verið geymt í kössum. Þegar í stað á að kanna ástand safnmuna og í framhaldinu leggja á ráðin um björgun þeirra ef það er ekki þá þegar orðið of seint og safnið ónýtt. En hvernig á að setja safnið upp? Svárið tengist næsta kafla, um tilgang safna, en í hnotskurn er það álit nefndarmanna að ákjósanlegast væri að það tengdist mannlífi líkt og gert er á Náttúrugripasafni Suður-Þingeyinga á Húsavík (er á neðstu hæð Safnahússins).

II

TILGANGUR OG MARKMIÐ

HVAÐ ER SAFN?

Hér á undan höfum við velt okkur upp úr byggingum. Þetta gæti laumað inn ranghugmyndum. Það er því afar brýnt að undirstrika þá skoðun nefndarmanna að safn er ekki húsnæði. Með öðrum orðum; ekki dugar að skjóta skjólshúsi yfir fleiri eða færri muni og kalla það safn. Fleira verður að koma til. Safn er starfsemi

innandyra sem utan. Það geymir menningararfinn, miðlar honum og fær gestkomandi til að leggja sitt af mörkum og líka hina sem aldrei detta inn fyrir safnadyr. Lykilorðin eru: Varðveisla-Miðlun-Gagnvirkni.

TIL HVERS SÖFN?

Söfn eru þjónustustofnanir sem hafa það hlutverk að varðveita söguna, menningararfinn – fyrir lifendur en líka ófædda – þannig leggja þau grunn að sjálfsmynd okkar. Vissulega fer það eftir eðli hvers safns um sig hversu víðtæk starfsemin er, hvort þungamiðjan er saga Akureyrar, Eyjafjarðar eða Íslands. En á endanum þjóna þau öll sama hlutverki, að efla hið mennska í okkur. Og þetta gera söfnin allra best ef þau ná að virkja safngestinn, gera hann að þátttakanda þannig að sú hugsun meitlist innra með honum að hann geti lagt sitt lóð á vogarskálarnar og bætt safnið ekkert síður en það hann. Þetta er gagnvirkni.

FYRIR HVERJA ERU SÖFNIN Á AKUREYRI?

Söfnin eru vissulega fyrir alla en í starfi sínu eiga þau að leggja áherslu á nærsamfélagið. Og þó ekki, það fer eftir eðli hvers safns um sig. Til dæmis er bæjarsamfélagið í brennipunkti hjá Iðnaðarsafninu og Byggðasafninu í Hrísey. Skáldahúsin hafa sama áherslupunkt, þótt eðli málsins samkvæmt hljóti þau að horfa víðar.

Minjasafnið og Héraðsskjalasafnið hafa bæði skyldur er ná út fyrir landamæri bæjarins, takmörkin eru þó innan Eyjafjarðar. Flugsafnið, Mótorhjólasafnið og væntanlega hákarlasýningin í Hrísey hafa landið allt undir.

Að þessum varnagla slegnum viljum við segja eftirfarandi: Miklu skiptir fyrir söfnin að ná til heimamanna. Þeir eru stærsti markaðurinn ef svo má að orði komast og aldrei má fara svo að akureyrsk söfn verði fyrst og fremst fyrir ferðamanninn. Við það glatast ansi mikið af gagnvirkninni.

Því má heldur ekki gleyma að þegar ferðamaðurinn mætir á safnið spyr hann um nærsamfélagið. Hann vill fá að vita um OKKUR! Þetta markmið, að laða heimamenn sem allra mest á söfnin, er því einnig túristavænt.

KYNJASTEFNA

Við viljum vekja athygli á kynjaðri stefnu. Í henni felst að hlutur kvenna er dreginn fram jafnt og karla en hingað til hefur körlunum óneitanlega verið hampað en

konurnar legið óbættar hjá garði (eða lítið bættar). Þarf ákveðna hugsun til að breyta þessu. Iðnaðarsafnið hefur þegar tekið þetta á dagskrá hjá sér; Flugsafnið gæti það með því t.d. að halda fram hlut kvenna í íslenskri flugsögu. Í raun þyrfti hvert safn í sjálfsskoðun til að jafna sögu kvenna og karla.

MARKMIÐIÐ - SAGAN ALLT Í KRING

Enska bandið, The Troggs, söng Love is all around sem hefur allar götur síðan slegið í gegn með jöfnu millibili, nú síðast í hinni frábæru bíómynd Love actually – en á hana ættu allir að horfa um hver einustu jól. Nú förum við að dæmi breskra og tókum upp slagorðið SAGAN ALLT Í KRING. En í því ætti að kristallast stefna bæjarins í þeim málum sem hér eru til umræðu.

Svona förum við að:

1-SKÓLARNIR

Söfnin eru opnar stofnanir. Í því samhengi má vel hugsa sér að skólarnir (grunnskólar bæjarins, MA og VMA) hreinlega færi kennslustundir inn á söfnin með þá tengingu við safnið sem þar er að finna. Dæmi: Enskukennsla á Iðnaðarsafninu; flatarmálsfræði á Minjasafninu; landafræði á Flugsafninu.

Skipulagt fræðslustarf er hornsteinn safnastarfs. Frá því að ráðinn var starfsmaður í 50% stöðu árið 1996 við Minjasafnið á Akureyri hefur starfið vaxið að umfangi en tengslin við skólana eflst með hverju árinu. Á næstu árum á að stefna að frekari tengslum skóla og safna.

2-KLASASAMSTARF SAFNA

Við höfum ekki eytt orðum að þessu fyrirbrigði sem er samvinna safna á tilteknu svæði og er þegar komið á. Eflum það. Undirstrikar að Minjasafni og Héraðsskjalasafni ber ekki eingöngu að sinna Akureyri. Svo ekki sé nú minnst á Flugsafn og Mótorhjólafn. Býður upp á skemmtilegan samanburð. Raunar er hann þegar orðinn til innan vébanda Akureyrar; á Akureyri og í Hrísey má skoða heimili frá ýmsum tímum (Nonni-Davíð-Ölduhús).

Söfnin í Eyjafirði hafa undanfarin ár unnið saman að viðburðum, eins og t.d. Eyfirski safnadeginum, þau hafa verið með sameiginlega kynningu og í sameiningu eflt fagmennsku innan safnanna. Þetta starf þarf að efla enn frekar svo söfn á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu verði leiðandi í virku þverfaglegu samstarfi og miðlun nýjunga á sviði safnafræði,

þróun safna, og hugmyndafræði. Miðla þarf þekkingu með t.d. málþingum og ráðstefnum.

3-SKÁLDAHÚSIN

Enn og aftur skal sagt að það er starfsemin er Skáldahúsin vekja til lífs er ljær þeim gildi. Þar á að vera þjónusta og þau opin bæjarbúum sem öðrum gestum.

Höldum málþing um Davíð Stefánsson. Hvað um rasisma í verkum Davíðs, barnisma hjá Nonna, heimspeki Matthíasar? Svo mætti snúa alveg yfir í hinn sálminn því ekkert húsanna þriggja er helgað konu; hvað um kvenrithöfunda á Akureyri? Þannig ætti hugsjón húsanna að snúast um mörg andlit ritlistar, þótt kjölfestan yrði eftir sem áður skáldið sem húsið er helgað. Höfum hugfast að ekkert annað bæjarsamfélag á slík Skáldahús – skrifum þau ævinlega með stórum staf – sem Akureyrarbær, höldum því á lofti. Komum hugmyndafræði Skáldahúsanna á fastara form, nú er tækifærið eftir að þau komust í umsjón Minjasafnsins á Akureyri.

– Innskot í sambandi við fjármögnun; Þórbergssetur er sambærilegt um eðli en þar kemur ríkið vel að málum.

4-HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Byggjum brú yfir til Háskólans á Akureyri. Söfnin ættu að sækjast eftir að komast þar inn með kennsluverkefni. Gætu hreinlega orðið hluti af kennsluáætlunum við skólann. Grenndarfræði eða áttahagafræði myndi styðja þetta mjög. Því ekki að stuðla að stofnun slíkrar deildar við skólann? Undanfarin ár hefur safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri kennt nokkra tíma í námskeiði um grenndarfræði við háskólann. Gerum meira af slíku.

Skáldahúsin eru líka þannig vaxin að óþarft er að rígbinda þau við skáldin þrjú; þvert á móti kynda þau undir hugmyndir um einhverskonar bókmenntafræði við HÍ í náinni samvinnu við Skáldahúsin. Það mætti jafnvel hugsa sér tiltölulega þröngt svið eins og barnabókabæinn Akureyri. Nonni var jú fyrsti íslenski barnabókahöfundurinn, höfum við fyrir satt. Hvað um barnabókafræðing við HA? Unnið er að stofnun barnabókaseturs við HA í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri og Amtsbókasafnið. Tryggja þarf að slíkt setur komist á fót og styrki menningarstarf innanbæjar en verði jafnframt leiðarljós er vísar fólki til Akureyrar.

5-SÝNINGAR

Höldum áfram á braut sýninga. Barnamenningin er í Friðbjarnarhúsi. Verum vakandi fyrir þeim möguleikum er gefast. Akureyrarbær á húsnaði undir slíkar sýningar. Lítum á Gudmandsmínde? Unnin hefur verið sýningaráætlun fyrir húsið er vert væri að hrinda úr vör í tilefni 150 ára afmælis bæjarins.

6-HINN STAFRÆNI HEIMUR

Setjum upp skjái t.d. í Sundlauginni, Hofi og á Amtinu, þar sem gestir og gangandi geta kynnt sér sögu bæjarins. Munum: SAGAN ALLT Í KRING.

7-150 ÁRA AFMÆLIÐ

Í tengslum við hinn stafræna heim og afmælið viljum við koma eftirfarandi hugmynd á framfæri. Skjá-sögunni (í 6) verði einnig komið fyrir á netinu, víðtækari þó ef þurfa þykir sem ekki er ólíklegt, en með þeim hætti að þar geti fólk skilið eftir sínar eigin minningar. Nú eða gert athugasemdir eða spurt. Líka má leita þar eftir framlagi. Dæmi: Minningar þínar um Linduveðrið/Hvar varst þú þegar KA varð Íslandsmeistari í fótbolta?/Hvernig sló bankahrúnið þig?

Með þessu móti væri sagan beinlínis færð inn á heimilin. Afmælið á næsta ári væri notað til að vekja athygli á þessu fyrirbrigði en stefnan yrði vitaskuld að halda vefnum lifandi næstu ár og jafnvel áratugi.

8-MERKINGAR

Gera á stóráttak í að merkja sögufræga staði og hús í bænum, helst þannig að örlítil saga fylgi með. Setjum upp hið margumtalað bæjarhlið, höfum það veglegt með breiðum hliðum prýddum margskonar fróðleik um bæinn, ljósmyndum og texta. Væri ekki tilvalið að hafa það á grundinni neðan við Gamla barnaskóla?

Söguskilti á að setja upp og vegvísa, ekki síst á nýjum göngustíg við Drottningarbraut

9-GRÍMSEY

Sett verði þar upp sýning í samráði við heimamenn. Ein hugmyndin er að tengja hana Fiske. Margt annað kemur einnig til greina.

III

AÐ LOKUM

LYSTIGARÐURINN

Smá pæling. Myndi ekki gildi Lystigarðsins aukast ef hann væri skilgreindur með söfnum bæjarins? Myndi þá falla undir menningarstefnuna og tengjast skólum bæjarins nái það fram að ganga er við lýst í öndverðu máli. Hin mikilvæga tenging við bæjarbúa, að laða þá í garðinn, væri þar með undirstrikuð.